

**50. fundur haldin í sveitarstjórn Langanesbyggðar  
þriðjudaginn 6. október 2009 kl. 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri.**

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Aðalbjörn Arnarsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Sigurborg Hulda Sigurðardóttir, Hilma Steinarsdóttir, Jóhanna Helgadóttir, Þórir Jónsson, Gunnólfur Lárusson og Björn G. Björnsson sem ritaði fundargerð á tölvu.

Oddviti bauð fundamenn velkomna, spurði hvort að einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboðun.

Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðun.

Oddviti óskaði eftir því að fá að setja á dagskrá þrjú erindi undir lið 2, innsend erindi.

*Álagning B – gatnagerðagjalda.*

*Úrsögn úr sveitarstjórn.*

*Umsókn um námsvist utan lögheimilis.*

Samþykkt samhljóða

**DAGSKRÁ:**

**I. Fundargerðir nefnda og ráða.**

**a.** Fundargerð sveitarstjórnar dags. 17.09.2009

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

Til máls tóku:

**b.** Fundargerð sveitarstjórnar dags. 24.09.2009

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

Til máls tóku:

**c.** Fundargerð Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra ásamt fjárhagsáætlun 2010.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar, í fjárhagsáætlun 2010 er gert ráð fyrir kostnaði hvers sveitarfélags. Sá listi sem fundargerðin byggir á úr Langanesbyggð er ekki réttur og sveitarstjóra falið að koma þeim uppl. á framfæri. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við kostnað Langanesbyggðar.*

Samþykkt samhljóða

Til máls tóku: GL, JH, SRK

**d.** Starfsmannamál.

*Samþykkt að vísa þessum lið til lokaðs fundar að afloknum sveitarstjórnarfundum.*

**e.** Samningur Langanesbyggðar og Hringrásar.

*Sveitarstjóri óskar eftir því að fá að segja upp þeim samningi sem er á milli Langanesbyggðar og Hringrásar en uppsagnarfrestur eru þrjú mánuðir. Ástæða uppsagnarinnar er sú að verið er að klára gámasvæðið og nú þarf að endurskoða öll sormál upp á nýtt og er þá betra að vera laus undan samningum.*

Samþykkt samhljóða

Til máls tóku: SPK, ÞJ, SS, AA, GL

## 2. Innsend erindi.

- a. Ósk um umsögn um drög að aðalskipulagi Norðurþings 2009-2029  
*Í bréfinu kemur fram ósk Norðurþings um hvort Langanesbyggð geri einhverjar athugasemdir við drög að aðalskipulagi sem Norðurþing er að vinna fyrir 2009-2029. Sveitarstjórn vísar erindinu til USB til umsagnar.*  
Samþykkt samhljóða.  
Til máls tóku: HS, AA, HS, GL
- b. Bréf frá umhverfisstofnun dags 25.09.2009  
*Í bréfinu er verið að boða á ársfund umhverfis-og náttúruverndarnefnda sveitarfélaga sem halda á í Kópavogi 6. nóvember n.k. Erindinu vísað til USB.*  
Samþykkt samhljóða.  
Til máls tóku: SPK, HS, GL
- c. Bréf frá Reimari Sigurjónssyni og Dagrúnu Þórisdóttir 28. september 2009  
*Samþykkt að vísa erindinu til Fræs ehf.*  
Til máls tóku: SS, SHS, AA, SRK, HS, GL
- d. Álagning B –gatnagerðagjalda.  
*Samkvæmt gjaldskrá um gatnagerðargjöld í Langanesbyggð frá 27. maí 1999, sbr. einnig ákvæði til bráðabirgða í lögum um gatnagerðargjald nr. 153/2006, ber eigendum fasteigna, sem standa við götur sem ekki hafa áður verið lagðar bundnu slitlagi, að greiða B- gatnagerðargjöld vegna lagningar bundins slitlags á götur og í þessu tilfalli er einungis verið að innheimta 70% af lögbundnum kostnaði og verða 30% innheimt þegar lagningu kantsteina og gangstétta er lokið. Sveitarstjóra falið að innheimta gatnagerðargjöld í samræmi við gjaldskrá og reglugerðir.*  
Samþykkt samhljóða.  
Til máls tóku: Allir
- e. Úrsögn úr sveitarstjórn dags 01. 10.09  
*Í bréfi frá Heiðrúnu Óladóttur kemur fram að hún óski eftir lausn frá sveitarstjórnarstörfum á grundvelli 34. greinar sveitarstjórnarlaga.*  
Samþykkt samhljóða.  
Til máls tóku: Allir
- f. Umsókn um námsvist utan lögheimilis.  
*Umsókn frá Birnu Sigurðardóttir þar sem hún óskar eftir því að drengur hennar fái að stunda nám utan lögheimilis á vegna skólaársins 2009-2010 þar sem móðirin stundar nám á Akureyri.*  
Umsókn samþykkt samhljóða með vísan til endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2009 og 2010  
Til máls tóku: Allir

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00